

Mánudaginn 1. febrúar 1965.

Nr. 1/1964.

Stefán Thorarensen

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Viðari Guðnasyni og gagnsök

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línadal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Hann hefur fengið gjafsóknarleyfi og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1.579.429,57 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 991.836,66 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. apríl 1961, 7% ársvöxtum af kr. 1.579.429,57 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Málsatvikum er lýst allrækilega í héraðsdómi.

Á eldri heyhloðunni á bújörð aðaláfrýjanda í Saltvík á Kjalarnesi eru dyr, sem vita gegnt norðri. Þá er komið er inn um dyr þessar, eru sinn til hvorrar handar steinsteypar votheysgryfjur, hvor um 3×3 metrar að vídd og 5 metrar að dýpt. Myndar norðurveggur hlöðunnar eina

hlið þeirra. Þak hlöðunnar liggur skáhallt yfir votheysgryfjurnar, og er hæðin frá innri vegg gryfju upp í þaksperru um 195 cm. Frá dyrum hlöðunnar liggur tréfallur milli gryfjanna inn í hlöðuna og gengur jafnlangt inn og þær. Hæðin frá tréfallinum og upp á veggbrún hvorrar gryfju er 152 cm. Hinn 14. júlí 1959 hafði eystri votheysgryfjan verið fyllt af heyi, en vestari gryfjan var hins vegar tóm. Venja var að fylla votheysgryfjur þessar með þeim hætti, að losaðar voru þakjárnsplötur af þaki hlöðunnar yfir gryfjunni, hólkum frá heyblásara komið fyrir gegnum þakið og heyi blásið þannig niður í gryfjuna. Á haustin voru plöturnar síðan negldar á þakið aftur. Virðist hafa staðið til að viðhafa þessa aðferð 1959, þótt eigi yrði úr að setja hey í vesturgryfjuna það ár. Hinn 14. júlí höfðu því verið teknar af þaki hlöðunnar þrjár bárujárnsplötur, hver að stærð 84×307 cm. Þenna dag stóð yfir hirðing þurrheys í hlöðuna. Var því blásið inn í vestari enda hlöðunnar með heyblásara, sem settur hafði verið á áður nefndan tréfall milli votheysgryfjanna fyrir innan dyr hlöðunnar. Heyblásarinn var knúinn rafmagni, og lágu frá honum þrír samsettir hólkar upp og skáhallt yfir vesturgryfjuna yfir í vestur-enda hlöðunnar. Nú þurfti að afstýra því, að þurrhey félli niður í hina tómu vesturgryfju. Fyrir þetta hafði áður verið girt með þeim hætti, að lagt var timbur yfir hina tómu votheysgryfju, en þar sem timbur var eigi fyrir hendi í þetta skipti, lét ráðsmaðurinn á Saltvíkurbúinu leggja hinar þrjár bárujárnsplötur, er teknar höfðu verið af hlöðupakinu, yfir hina tómu votheysgryfju. Sneru þær, að því er talið er, frá austri til vesturs yfir gryfjunni. Þekjan, sem þannig myndaðist yfir votheysgryfjunni, tók eigi alveg út að útvegg hlöðunnar. Nú samdist svo nefndan dag með ráðsmanninum í Saltvík og föður gagnáfrýjanda, sem komið hafði daginn áður til smíðavinnu í Saltvík ásamt gagnáfrýjanda, að gagnáfrýjandi, sem þá var 16 ára að aldri, skyldi um daginn aðstoða við hirðingu heys. Starf gagnáfrýjanda við heyhirðinguna var m. a. það, að hann ók annarri af tveimur dráttarvélum, sem heyvagnar hver af öðrum voru tengdir

við, til og frá engi og heim að hlöðu. Við hlöðudyrnar ýtti dráttarvélin heyvagninum aftur á bak að skál heyblásarans, sem lá alveg fyrir innan hlöðudyrnar. Að svo búnu var dráttarvélin tekin úr sambandi við heyvagninn og venjulega tengd við annan heyvagn, sem tæmdur hafði verið. Tveir fullorðnir menn unnu að því að koma heyinu í hlöðuna. Mokaði annar af heyvagninum í skál heyblásarans, en hinn stjórnaði blásaranum. Gagnáfrýjandi fór nú nokkrar ferðir á milli, án þess að til tíðinda drægi, en um kl. hálf fimm kom hann með fullan heyvagn að hlöðudyrnunum. Eigi lagði hann þá af stað aftur út á engi með tóman vagn, og er eigi fullvíst um orsök þeirrar tafar. Sjálfur kveður hann sig hafa átt að biða, meðan vagninn væri tæmdur. Tók hann nú að kasta heyi í blásaraskálina. Þá gerðist það, að heyblásarinn varð allt í einu óvirkur, þótt hreyfill hans gengi. Mun stífla hafa valdið þessu. Gagnáfrýjandi hélt ranglega, að stíflan hefði myndast fremst í útblásturshólknum. Vildi hann ráða bót á þessu og hljóp upp á vegg votheysgryfjunnar. Félagar hans hrópuðu viðvörunarorðum til hans, en hann heyrði þau eigi vegna hávaðans í hreyflinum. Steig hann þegar út á nyrztu plötuna í þekju gryfjunnar, sem samstundis lét undan þunga hans, og hrapaði hann niður í gryfjuna og hlaut fullkomin örkuml. Gagnáfrýjandi kveðst „hafa átt heima í Saltvík 1946—52. Heyblásari var þá á búinu, en bara við súrhey, að hann heldur. Hann kveðst ekki hafa unnið við heyblásara áður, en þó þekkt nokkuð til þeirra“. Hann segir, „að gryfjan, sem hann féll í, sé eins og hún var, þegar hann átti heima þarna, og hann því þekkt vel til hennar. Hann kveður sér hafa verið ókunnugt um það, hvort nokkurt hey var í gryfjunni eða ekki, þegar hann fór upp á vegg hennar, en hins vegar hafi hann ekki vanizt því, að lagt væri yfir gryfjunnar, eins og þarna var, nema þegar húið sé að fylla þær. Þá sé stundum sett farg ofan á heyið“. Hann kveður sér „muni hafa fundizt, að það væri í lagi að stíga út á plötuna. Hins vegar muni hann ekkert hafa hugsað sig sérstaklega um, áður en hann steig á plötuna, að öðru leyti

en því, að hann hafi talið þetta öruggt“. Það var stórkostlegt gáleysi af hendi ráðsmannsins í Saltvík að setja burðarmagnslausu þekju yfir tóma votheysgryfjuna í hlöðunni. Þetta var þeim mun gálausara og hættulegra, þar sem ungmenni voru þarna við heyhirðingu, en ungmönnum þykir gaman að bylta sér í hlöðum, sem verið er að hirða hey í. Ráðsmaðurinn starfaði á vegum aðaláfrýjanda, og ber aðaláfrýjandi því að lögum ábyrgð á yfirsjón ráðsmannsins. Við ákvörðun á ábyrgð aðaláfrýjanda ber að líta á það, að gagnáfrýjandi fór ótilkvaddur og af nokkru fljótræði út á þekju votheysgryfjunnar. Að öllum málavöxtum athuguðum, þykir rétt að leggja 60% fébótaábyrgðar á aðaláfrýjanda.

Um heilsufar gagnáfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms hafa þessi gögn verið lögð fram:

Kristján Jóhannesson læknir hefur hinn 13. maí 1964 gefið svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með, að heilsufarsástand Viðars Guðnasonar, Goðatúni 32, Garðahreppi, er óbreytt frá 10. júní 1961, er ég gaf vottorð um heilsufar hans.

Síðan hefur hann legið á sjúkrahúsi, handlæknisdeild Landspítalans, frá 7.10 '63 til 24.12. '63 vegna legusárs á hægri mjöðm. Var skinn flutt á sárið, og tókst eftir alllanga mæðu að fá það til að gróa. En sífelld hætta er á, að slíkt sár geti myndast vegna þess, hve húðin þarna er veik.“

Þá hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hinn 12. júní 1964 metið af nýju örorku gagnáfrýjanda. Segir m. a. í matsgerðinni:

„Hinn slasaði var lagður inn á Landakotsspítala strax eftir slysið og lá þar til 14. nóvember 1959, en dvaldist síðan í heimahúsum til 26. des. 1959. Var hann þá fluttur á Landspítalann og lá þar til 20. jan. 1960. Hann var síðan sendur til Bandaríkjanna og lá á Mayo Clinic, Rochester, U.S.A., frá 21. apr. 1960 í ellefu mánuði.

14. febrúar 1960 var örorka slasaða metin af Bergþóri Smára, sérfræðingi í lyflæknissjúkdómum í Reykjavík, og

var hann metinn 100% öryrki varanlega. Dómur hefur fallið í undirrétti í þessu máli, en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, og hefur lögmaður stefnda óskað eftir nýju orkumati.

Undirritaður hefur vitjað slasaða hinn 3.6. 1964.

Síðan slasaði kom frá Bandaríkjunum, hefur hann lengst af dvalizt í heimahúsum. Dvaldist hann þó að Reykjalundi í æfingadeildinni í tvo mánuði á s.l. ári og einn mánuð á s.l. vori. Dvaldist hann á handlækningadeild Landspítalans frá 7/10 1963 vegna nýrra legusára á hægri mjöðm. Var nýtt skinn flutt á sárið, og tókst að græða það.

Á þessu tímabili hefur hann lítið sem ekkert starfað. Vann s.l. vetur tvo og hálfan mánuð við létt skrifstofustörf og símavörzlu. Eftir að hann kom frá Bandaríkjunum, hefur hann ekki getað gengið við spelkur og stafi. Hann klæðist og matast sjálfur og kemst úr hjólastól í bil og til baka. Hann hefur enga stjórn á þvaglátum eða hægðum. Hefur þvaglegg og belg að staðaldri og losar sig við hægðirnar manuelt.

Hann notar engar spelkur á ganglimi, en notar hátt lífstykki til stuðnings hryggnum.

Skoðun: Andlegt ástand virðist eðlilegt. Svarar spurningum eðlilega, og minni virðist vera í allgóðu lagi. Hryggur: Það er langt ör yfir thoracal svæðinu og kyphosis er aukin á þessu svæði. Stór ör eru yfir mjaðmahnútum og niður eftir lærunum báðum megin eftir legusáraadgerðir, og á hægri mjöðm er húðin þunn og vaxin við beinið. Sömuleiðis er þunn húð og vaxin við bein yfir spjaldbeini. Það er alger lömum í öllum neðri hluta líkamans og algert tilfinningaleysi að aftanverðu upp undir herðablöð og að framanverðu upp undir geirvörtur. Líðkreppur eru ekki í mjöðmum og hnjám að ráði, en nokkur equinusstaða á fótum.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasast við vinnu fyrir tæpum 5 árum og hlaut við slysið brot á hryggjarlið og sköddun á mænu, svo hann hefur algera lömum í öllum neðri hluta líkamans, blöðrulömum og lömum á þarmi. Í legunni fyrst eftir slysið fékk hann mikil

legusár á mjaðmahnútur og spjaldbein, en þau tókst að græða við aðgerðir í Bandaríkjunum. Maðurinn er algerlega bundinn við hjólastól, og er þess ekki að vænta, að hann komist til að ganga við spelkur eða stafi.

Af þessum sökum verður að meta manninum örorku, og er hann 100% varanlegur öryrki.“

Verða nú kröfuliðir gagnáfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð og í héraðsdómi.

1. a. Guðjón Hansen hefur hinn 21. ágúst 1964 samið nýjan örorkutjónsreikning fyrir gagnáfrýjanda. Ef miðað er við dagvinnutekjur verkamanna, telur tryggingafræðingurinn „verðmæti tapaðra vinnutekna“ gagnáfrýjanda „á slysdegi vera“ kr. 1.002.452.00. Þá reiknast honum „verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi kr. 291.-359.00“. Gagnáfrýjandi krefst örorkubóta, að fjárhæð kr. 741.836.66. Þegar tekið er annars vegar tillit til hækkandi verðlags og hins vegar skattfrelsis af tjónbótum, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 600.000.00
1. b. Hér er um að tefla kostnað af sérstakri umönnun gagnáfrýjanda. Þá er litið er til þess, hvílikur örkumlamaður hann er, verður að telja kröfulið þessum í hóf stillt, og ber því að taka hann til greina að fullu — 85.449.00
2. Harmkvælasaga gagnáfrýjanda er slík, að kröfuliður hans um bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum, er hæfilegur, og ber að taka hann til greina að fullu — 250.000.00
Kröfuliðina 3—7 ber að taka til greina að fullu með skírskotun til héraðsdóms, en þeir eru:
3. Kostnaður við sjúkradvöl í bandarískum sjúkrahúsum — 463.936.34
4. Kostnaður af för til Rochester, Minnesota — 20.453.60
5. Limabúnaður og hjólastóll — 15.645.77

6. Útreikningur á örorku.....	—	1.350.00
7. Ýmis kostnaður	—	758.20

Samtals kr. 1.437.592.91

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða
60% þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 862.555.75
ásamt vöxtum. Vextir af örorkubótum, bótum vegna um-
önnunar og þjáningabótum og miska eru reiknaðir frá slys-
degi, en vextir af öðrum bótum frá stefnudegi.

Eftir þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða kr.
108.718.40 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir
Hæstarétti kr. 100.000.00, gagnáfrýjandi sjálfur kr. 8.223.40
og ríkissjóður kr. 495.00 upp í dómgjöld.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stefán Thorarensen, greiði gagnáfrýj-
anda, Viðari Guðnasyni, kr. 862.555.75 ásamt 6% árs-
vöxtum af kr. 561.269.40 frá 14. júlí 1959 til 22. febrú-
ar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi
til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af sömu fjár-
hæð frá þeim degi til 1. júní 1961, 7% ársvöxtum af
kr. 862.555.75 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6%
ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðslu-
dags.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir
Hæstarétti, samtals kr. 108.718.40. Af þeim hljóti tals-
maður gagnáfrýjanda, Arni Gunnlaugsson hæstaréttar-
lögmaður, kr. 100.000.00, gagnáfrýjandi sjálfur kr.
8.223.40 og ríkissjóður kr. 495.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Guðni Þórarinsson trésmiður, Silfurtúni F-3, Garðahreppi, höfðað fyrir hönd ófjárráða sonar síns, Viðars, með stefnu, útgefinni 1. júní 1961, gegn Stefáni Thorarensen lyfsala, Sóleyjargötu 11, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.603.153.27, með 6% ársvöxtum af kr. 991.836.66 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1961 og sömu ársvöxtum af kr. 1.603.153.27 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eftir taxta Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi.

Við þingfestingu málsins 12. júní 1961 lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 23.723.70 eða í kr. 1.579.429.57 og krefst nú 8% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. apríl 1961 til greiðsludags. Að öðru leyti er aðalkrafa hans óbreytt. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Málið var fyrst munnlega flutt 8. desember 1962, en eftir dómttöku þess þótti nauðsynlegt að afla álits Læknaráðs í sambandi við einn lið bótakröfunnar. Það var síðan endurflutt og dómtekið að nýju 26. september s.l.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 14. júlí 1959 var verið að hirða þurrhey á búi stefnda í Saltvík á Kjalarnesi. Var heyið flutt heim í hlöðu á heyvögnum. Verkinu var þannig hagað, að sérstök ámokstursvél mokaði heyinu af túninu upp í heyvagna, er síðan voru dregnir heim í hlöðu með dráttarvélum. Við hlöðudyrnar var snúið við og heyvagninum bakkað að heyblásara, er var rétt innan við þær. Síðan var dráttarvélin losuð frá heyvagninum og tengd við tóman heyvagn, er losaður hafði verið milli ferða, en í gangi voru þrjár heyvagnar og tvær dráttarvélar. Sonur stefnanda, Viðar, ók annarri dráttarvélinni umrætt sinn. Við móttöku heysins í hlöðunni unnu tveir menn, er mokuðu því í heyblásarann, sem blés

því inn í hlöðuna. Þannig hagar til, að sitt hvorum megin innan við umræddar hlöðudyr eru steinsteyptar súrheysgryfjur, um 3×3 metrar og 5 metrar á dýpt. Eru veggir þeirra jafnháir útvegg hlöðunnar, er myndar eina hlið þeirra. Þak hlöðunnar liggur skáhallt yfir votheysgryfjurnar, og er hæðin frá innri vegg gryfju upp í þaksperru um 195 cm. Á milli gryfjanna er trégólf eða pallur, sem nær jafnlangt þeim inn í hlöðuna. Hæðin frá þessu gólfi upp á veggbrún á súrheysgryfjunum er 152 cm. Yfir vestari gryfjuna, sem er hægra megin, þegar inn er gengið, höfðu verið lagðar þrjár bárujárnsplötur, 84×307 cm, er teknar höfðu verið úr þakinu yfir gryfjunni. Á gólfinu á milli súrheysgryfjanna var heyblásaranum komið fyrir, en áföst við hann var skál, sem heyvögnunum var lagt að. Heyblásarinn var knúinn rafmagni, og var rofi á honum hægra megin. Frá heyblásaranum lá samsett rör, sem hægt var að lengja og stytta að vild og hreyfa til eftir því, hvert blása átti heyinu. Umrætt skipti voru þrjú rör notuð, og lágu þau skáhallt yfir vestari gryfjuna.

Um klukkan hálf fimm um daginn, eftir því sem næst verður komizt, kom Viðar með fullan heyvagn að hlöðudyrnum, fór inn í hlöðuna og virðist hafa farið að hjálpa til við losunina. Skyndilega stíflaðist blásararörið, án þess þó að mótörinn stöðvaðist. Virðist þá ekki hafa skipt neinum togum, að Viðar klifraði upp á vestari gryfjuvegginn í því skyni að losa stífluna úr blásararörinu, steig út á innstu bárujárnsplötuna, en hún þoldi ekki þunga hans, og féll hann niður í tóma gryfjuna. Við fallið slasaðist Viðar lífshættulega og hefur verið alger öryrki síðan.

Sakadómsrannsókn fór fram daginn eftir slysið. Einnig hafa verið teknar ljósmyndir af vettvangi, er sýna greinilega afstöðuna á slysstaðnum. Þá hefur dómariinn farið á vettvang hinn 8. desember s.l. ásamt lögmönnum aðilja og kynnt sér staðhætti.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í byrjun júlímánaðar 1959 hafi hann ráðið sig og son sinn til vinnu í Saltvík. Skyldi hann vinna við smíðar á fjósi, sem verið var að breyta og stækka, en sonur hans við heyskap og smíðar eftir þörfum. Kvað stefnandi þá hafa verið ráðna fyrir tímakaup, sig fyrir meistarakaup en Viðar fyrir verkamannakaup. Þeir feðgar voru sóttir og fluttir upp að Saltvík að kveldi hins 13. júlí. Morguninn eftir hófu þeir báðir vinnu við smíðar á fjósinu, en þar voru þá einnig fyrir tveir starfsmenn búsins, Gunnar Gunnarsson og Jóhann Þorsteinsson. Snemma um morguninn kvað stefnandi ráðsmanninn á búinu, Jens Paule Hentze, hafa tekið Jóhann úr smíðunum

til vinnu við heyskapinn og nokkru fyrir hádegi hafi hann komið aftur og beðið um Viðar til að starfa við heyið eftir hádegið. Hafi Viðar því farið til vinnu við heyskapinn strax eftir hádegið samkvæmt beiðni ráðsmannsins.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að hann hafi ráðið Viðar til vinnu í Saltvík. Hann kveðst aðeins hafa samþykkt það fyrir beiðni stefnanda, að hann mætti hafa son sinn hjá sér, meðan hann dveldist í Saltvík við smíðarnar. Stefnandi hafi verið sjálfstæður verktaki og sonur hans algerlega á hans vegum.

Þá hefur ráðsmaðurinn, Jens P. Hentze, haldið því fram, að stefnandi hafi sjálfur óskað eftir því við sig eftir hádegið, að Viðar mætti vinna úti í stað Jóhanns, en hann fengi Jóhann til vinnu við fjósið, og kvaðst hann hafa samþykkt þessa tillögu stefnanda.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, 64 ára, skýrði svo frá fyrir saka-dómi daginn eftir slysið, að hann hafi verið kvaddur til að losa heyvagnana klukkan rúmlega fjögur umræddan dag. Við þetta verk vann einnig færeyskur maður, að nafni Georg Toftum. Meðan þeir Georg voru að losa annan vagninn, kvað vitnið Viðar hafa komið til þeirra inn í hlöðuna og hafa farið að hjálpa þeim við verkið á þann hátt, að hann hafi tekið hey með höndunum og fleygt því í blásarann. Vitnið var uppi í vagninum og mokaði til heynu, en Georg stóð á pallinum, sem blásarinn var á. Þegar rörið stíflaðist, sem iðulega komi fyrir, hafi Viðar allt í einu farið af stað og upp á vegginn á súrheysgryfjunni. Kvaðst vitnið, sem vissi, að þrjár járnplötur höfðu verið lagðar yfir gryfjuna til varnar því, að hey félli niður í hana, hafa kallað til Viðars að fara ekki út á járníð, en þar sem blásarinn hafi verið í gangi, muni Viðar ekki hafa heyrt til sín og stigið út á innstu plötuna, er ekki þoldi þunga hans, með þeim afleiðingum, að hann féll niður í botn á súrheysgryfjunni. Vitnið kvað blásararörið hafa legið þvert yfir gryfjuna, rétt sunnan til við miðju, er slys þetta varð. Sér hafi dottið í hug, að Viðar hafi ætlað að ná stíflunni úr enda blásararörsins, en þar verði aldrei nein stífla, og muni Viðar ekki hafa áttað sig á því. Vitnið taldi, að slysið hefði orðið um kl. hálf fimm.

Framburður vitnisins Georgs Toftums var mjög á sama veg. Hann kvaðst hafa gengið að rofanum á blásaranum, þegar rörið stíflaðist, en litið áður upp í rörið. Í sömu svifum hafi Viðar, sem var hinum megin við blásarann, stokkið upp á vegginn á súrheysgryfjunni og stigið út á nyrztu plötuna. Vitnið kvaðst

hafa reynt að kalla til Viðars, en taldi, að hann hefði ekki heyrt til sín vegna hávaða frá blásaranum.

Framangreind vitni hafa undirritað sameiginlega „Yfirlýsingu“, dags. 25. september 1959, um atvik að slysinu. Segja þeir m. a., að Viðar hafi, rétt áður en stíflan varð í beygju blásararörsins, staðið austan megin við blásarann og fylgzt með þeim við vinnuna, og enn fremur, að ekkert hey hafi legið ofan á plötunum.

Vitnið Gunnar mætti fyrir dómi í máli þessu 24. nóvember 1961 og var þá ýtarlega spurt um þetta atriði. Sagði vitnið þá, að sig hefði minnt, þegar fyrrgreind yfirlýsing var samin, að Viðar hefði staðið að vestanverðu við blásarann eða sömu megin og gryfjan, sem hann féll í, var. Georg hefði hins vegar minnt, að hann hefði staðið að austanverðu við hann. Þá taldi vitnið, að Viðar hafi aðeins verið búinn að vera nokkrar mínútur inni í anddyrinu á hlöðunni, áður en slysið varð. Enn fremur sagðist vitnið þá ekki geta sagt, að Viðar hefði verið að hjálpa til við að losa vagninn, en hann hafi tekið nokkra heyvíska, sem lágu á borðinu við blásarann, og sett þá í hann. Vitnið taldi, að varla hefði liðið meira en ein mínúta, frá því að blásarinn stíflaðist og þangað til slysið varð. Venjuleg aðferð við að losa stíflu úr blásararörinu, ef hún ekki losni af sjálfu sér, sé sú, að stöðva blásarann og losa stífluna með járnteini, sem stungið sé í gegn um rifu í beygjunni á blásararörinu.

Vitnið Jens Paule Hentze ráðsmaður, 37 ára, var einnig yfirheyrður í sakadómi daginn eftir slysið. Kvaðst hann hafa látið Viðar vinna við að aka dráttarvél seinni part dagsins. Gunnar og Georg hefðu átt að losa heyvagnana. Ráðsmaðurinn kvað þrjá heyvagna hafa verið notaða til flutnings á heyinu í hlöðuna, en tvær dráttarvélar. Taldi hann, að tómur vagn hefði verið tilbúinn til þess að fara með hann út á tún, þegar Viðar kom í umrætt skipti með fullan vagn. Vitnið var að vinna í verkfærageymslu skammt frá hlöðunni og fór þegar á vettvang, er hann sá þá Gunnar og Georg koma hlaupandi og sækja stiga. Vitnið fór þegar niður í gryfjuna. Lá Viðar á bakinu sem næst henni miðri meðvitundarlaus, og blæddi úr vinstra eyra hans og áverka fyrir ofan það.

Vitni þetta hefur gefið tvær yfirlýsingar í máli þessu, aðra dags. 14. júní 1961, en hina dags. 25. september 1959. Efni þessara yfirlýsinga varða að nokkru ráðningu stefnanda og sonar hans að Saltvík og atvik að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn, og er ekki ástæða til að rekja það frekar hér.

Í yfirlýsingunni frá 14. júní 1961 segir vitnið hins vegar, að hann hafi eftir hádegisd umræddan dag sett Viðar í það að jafna heyinu á heyvögnunum og hafi hann verið við það fram að kaffi. Eftir því sem vitnið bezt viti, hafi Viðar fengið tvo aðra pilla, þá Svein Fjeldsted og Jakob Toftum, sem einnig unnu í heyinu, til að skipta við sig og hafi þeir skipzt á að moka heyinu til á vögnunum og aka dráttarvélunum. Virðist hér vera um nokkurt ósamræmi að ræða í síðari framburði þessa vitnis og fyrsta framburði hans, sem hann gaf daginn eftir slysið. Í skýrslu fyrir sakadómi 29. september 1959 skýrði vitnið frá því, að umræddar járnplötur, sem lagðar voru yfir gryfjuna, hefðu verið teknar úr þakinu yfir henni, en venja hafði verið að setja blásara-rörið inn um þakið og blása heyinu niður í gryfjuna, þegar vot-hey var sett í hana. Oftast hefði timbur verið lagt yfir gryfju-opið til þess að fyrirbyggja, að hey (þurrhey) færi niður í hana, en það hefði ekki verið fyrir hendi í þetta skipti og því hefðu járnplöturnar verið lagðar yfir opið. Vitnið mætti í þessu máli 24. nóvember 1961 og staðfesti fyrri skýrslur sínar. Hann kvaðst ekki hafa reiknað með því, að nokkur slysaætta væri fyrir hendi þarna. Viðar hefði ekki átt að vinna neitt við blásarann, heldur eingöngu við að aka heyinu heim.

Hinn 22. janúar 1962 kom fyrir dóminn Erlendur Sveinn Fjeldsted, 17 ára. Vitnið kvað þrjá heyvagna hafa verið notaða, þegar verið var að hirða, og hafi ökumenn dráttarvélanna ekki unnið við losun á heyvögnunum, enda hafi tómur vagn venjulega verið fyrir við hlöðuna. Vitnið kvaðst minnst þess, að hann hefði hjálpað Viðari að tengja vagn aftan í dráttarvél, þegar hann var að byrja, og þá spurt Viðar að því, hvort hann vissi, hvernig þetta gengi fyrir sig. Viðar hafi svarað því til, að Páll hefði skýrt þetta út fyrir sér, og kom því ekki til tilsagnar af hálfu vitnisins.

Hinn 22. janúar 1962 var réttarskýrsla tekin af Viðari Guðna-syni. Skýrði hann frá ráðningu þeirra feðga að Saltvík og til-drögum þess, að hann fór að vinna við hirðingu á heyinu á sama hátt og faðir hans. Hann kvað starf sitt hafa verið fólgið í því að láta heyið á vagnana og aka þeim heim í hlöðu. Ekki kvaðst hann heldur muna betur en hann hefði átt að bíða eftir því, að heyvagnarnir væru losaðir. Taldi Viðar, að hann hefði verið búinn að fara fjórar til fimm ferðir með heyvagnana heim í hlöðu, þegar slysið varð. Hann kvaðst hafa verið að aðstoða við að losa heyvagninn í umrætt skipti. Hann minntist þess ekki, að hann

hefði fengið önnur fyrirmæli hjá ráðsmanninum en þau, að hann ætti að vinna við það að koma heyinu heim. Hann taldi þó, að það hefði verið tekið fram, að hann ætti að aka dráttarvél. Kvaðst hann hafa litið svo á, að honum bæri að hjálpa til við það að hlaða vagnana og losa þá, ef með þyrfti. Ekki mundi hann, hvort hann stóð uppi í vagninum eða til hliðar við hann, þegar heyblásarinn hætti allt í einu að blása. Hann hefði haldið, að stífla hefði myndast fremst í rörinu, og því farið upp á vegg súrheysgryfjunnar til þess að losa hana. Þetta hefði hann gert ótilkvaddur og ekki heyrt nein aðvörunaróp, enda hafi ekki verið hægt að tala saman við heyblásarann, þegar hann var í gangi. Mættum var ókunnugt um það, í hvaða tilgangi járnplöturnar höfðu verið lagðar yfir súrheysgryfjuna eða hvort hey var í henni, en kvaðst ekki hafa vanizt því, að lagt væri yfir slíkar gryfjur, fyrr en búið væri að fylla þær. Mætti þekkti vel til súrheysgryfju þeirrar, er hann féll í, frá því hann átti heima í Saltvík 1946—1952, en hann hafði ekki unnið við heyblásara áður.

Kristján Jóhannesson, heimilislæknir Viðars, hefur í vottorði, dags. 10. júní 1961, gefið eftirfarandi lýsingu á meiðslum, lækni-meðferð og sjúkrasögu hans: „Slasaði var lagður inn á Landakotsspítala, þar sem hann lá til 14. nóv. 1959.

Samkvæmt skýrslu spítalans hafði hryggur brotnað og mænan skaddast, einnig hlaut slasaði heilamar (contusio cerebri). Slasaði lá í djúpu meðvitundarleysi í vikutíma, en var ruglaður (confus) í 3—4 vikur.

Er hann fór af Landakotsspítala, hafði hann náð sér verulega, gat lesið og talað, en þó er talið, að hann hafi beðið nokkurn andlegan hnekki. Legusár hafði hann á báðum lærhnutum, sem þó eru talin vera að gróa.

Af Landakotsspítala fór slasaði heim til sín og dvaldist heima til 26. 12. '59. Tóku þá legusárin að hafast verr við, og hár hiti gerði vart við sig. Var þá slasaði fluttur á Landspítalann, þar sem hann lá til 20.1. '60.

Við skoðun á Lsp. þann 28.12. '59 segir svo í sjúkraskýrslu:

1. Heilataugar og efri útlimir eðlilegt.
2. Algert tilfinningaleysi, og allt annað skyn upphafið á neðri útlimum, og nær það upp að stað 2 fingurbreiddum neðan við geirvörtur (brjóstlið 6).
3. Báðir fótlimir alveg lamaðir.

4. Sinaviðbrögð mikið aukin á fótlimum. Fullkomin þverlesion á mænu.
5. Slasaði getur ekki stjórnað hægðum og þvaglátum. Mjög stór og djúp legusár eru yfir báðum lærhnútum.

Við leguna á Landspítalanum hreinsuðust sárin vel, og hiti fór minnkandi. Var nú slasaði fluttur á Hafnarfjarðarspítala, þar sem hann lá um vikutíma, en fór svo heim til sín, þar sem hann lá, þar til hann fór á Mayo Clinic, Rochester, Bandaríkjunum, þ. 21. apríl 1960.

Allan tímann, er hann lá heima, höfðust legusárin allvel við, enda var vel um þau hirt, þar eð hjúkrunarkona skipti á honum daglega, en ekki vildu þau gróa, og dýpkuðu frekar og stækkuðu. Hitaköst gerðu og alltaf öðru hverju vart við sig, enda þótt reynt væri að halda þeim niðri með lyfjum.

Á Mayo Clinic dvaldi slasaði í 11 mánuði. Þar var lómuninni breytt úr stífri (spastiskri) lömun í slappa lömun með sérstakri aðgerð, en aðeins á þann hátt töldu læknar þar mögulegt að græða legusárin.

Gerðar voru síðar skurðaðgerðir á sárunum og skinn flutt á þau, og greru sárin fljótt og vel, enn sjást þó greinilega örin eftir hinar miklu skurðaðgerðir. Auk þess var hann í sífelldum æfingum. Andlegt ástand mun hafa lagast allmikið við dvölinna vestra. Hann kvartar um þreytu við lestur, segist eiga bággt með svefn og fær stundum höfuðverk. Stundum sækja á hann þunglyndisköst.

Eins og áður er getið, getur slasaði ekki stjórnað hægðum né þvaglátum, og enda þótt hann hafi fengið nokkra þjálfun í að hjálpa sér sjálfur, þarf hann alltaf aðstoðar við þær athafnir og sérstakrar umönnunar við.

Viðar dvelst nú hjá foreldrum sínum. Hann notar hjólastól og limaspelkur, en er með öllu ófær til gangs.“

Bergþór Smári læknir hefur hinn 15. febrúar 1960 metið örorku Viðars. Í örorkumati læknisins segir m. a. svo: „Brotnaði hryggur, mænan skaddaðist og auk þess hlaut slasaði heilamar (contusio cerebri). Slasaði var meðvitundarlaus í 23 daga og lamaðist alveg upp að mitti.

Dvaldist slasaði fyrst í Landakotsspítala til 14. nóv. '59 og í Landspítala frá 26/12 '59 — 20/1 '60, í Hafnarfjarðarspítala um vikutíma, en að öðru leyti heima.

Samkvæmt vottorði Kristjáns Jóhannessonar, læknis í Hafnarfirði, dags. 4. febr. 1960, eru báðir fótlimir alveg lamaðir, og

alveg tilfinningarlaus er slasaði nær alveg upp að geirvörtum. Sinaviðbrögð mikið aukin á fótlimum. Slasaði getur ekki stjórnað hægðum og þvaglátum (incontinentia urinae et faeces).

Mjög djúp og stór legusár eru yfir báðum lærhnutum.

Ekki er von til þess, að slasaði fái aftur mátt í fótlimi, þar eð um fullkomna þverlaesion á mænu mun vera að ræða.

Telst því tímabært að meta varanlega örorku hans af völdum ofangreinds slyss, og þykir hún hæfilega metin 100%.

Stefnandi reisir bótaskyldu stefnda á því, að umbúnaður á súrheysgryfjunni hafi verið óforsvaranlegur. Viðar hafi verið í þjónustu stefnda og ekki farið út fyrir verkahring sinn með því að hjálpa til við losunina á heyvagninum, enda ekki verið bannaður aðgangur að hlöðunni. Hann hafi haft réttmæta ástæðu til að huga að blásararörinu, og viðbrögð hans og leiðin, sem hann valdi, hafi verið eðlileg eftir atvikum. Viðar hafi einnig haft gilda ástæðu til þess að ætla, að hey væri í gryfjunni, þar sem ekki sé venja að byrgja slíkar gryfjur, fyrr en búið sé að fylla þær. Stórhættulegt hafi því verið að byrgja tóma súrheysgryfjuna með notuðum bárujárnsplötum einum saman og beinlínis til þess fallið að bjóða hættunni heim. Upplýst sé, að starfsmanni stefnda hafi orðið á þessi mistök, og beri stefndi óskoraða fébótaábyrgð á slysinu, er hafi hlotizt af stórfelldu og vítaverðu gáleysi starfsmanns hans. Loks telur stefnandi, að stefndi sé allt að einu bótaskyldur, þótt talið yrði, að Viðar hefði farið eitthvað út fyrir verkahring sinn.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Viðar hafi ekki verið starfsmaður hans, heldur hafi hann algerlega verið á ábyrgð og vegum föður síns, er hafi átt frumkvæði að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn. Í öðru lagi heldur stefndi því fram, að háttsemi Viðars hafi á engan hátt verið innan verkahring hans. Hann hafi ekkert erindi átt inn í hlöðuna og því síður að klifra upp á gryfjuvegg í fullkomnu gáleysi. Fráleitt sé að halda því fram, að það atferli Viðars að stökkva upp á gryfjuvegg, sennilega jafnháan honum sjálfum, hafi verið eðlilegt og í beinu framhaldi af starfi hans, sem hafi eingöngu verið í því fólgið að aka dráttarvélinni, fara með fulla vagna heim og aka tómum til baka. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að umbúnaður súrheysgryfjunnar hafi verið óforsvaranlegur. Hann sé í samræmi við það, sem almennt tíðkist um slíkar gryfjur. Vegghæð gryfjunnar frá pallinum, sem heyblásarinn

stóð á, sé svo mikil, að þeim, sem vinni í hlöðunni, stafi ekki nein hætta af gryfjunni.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að skipta beri sökinni.

Þegar slysið varð, var Gunnar Gunnarsson uppi í heyvagninum, en Georg Toftum við rofann, hægra megin við blásarann (vestan). Ekki er fullljóst, hvar Viðar var, er blásararörið stíflaðist. Gunnar taldi, að hann hefði verið hægra megin við blásarann eða sömu megin og gryfjan, sem hann féll í, en Georg taldi, að hann hefði verið hinum megin við hann. Verður það síðarnefnda að teljast sennilegra með hliðsjón af athugasemd sakadómarans, er rannsakaði slysið strax 15. júlí 1959 og virðist sérstaklega hafa spurzt fyrir um þetta atriði. Sjálfur mundi Viðar ekki, hvort hann stóð uppi í heyvagninum eða til hliðar við hann. Ekki er upplýst, með hvaða hætti Viðar klifraði upp á gryfjuvegginn, en sennilegast er talið, að hann hafi stigið upp á heyblásaraskálina eða grind (gafl úr heyvagni), sem getur hafa legið upp við gryfjuna, til þess að komast upp á vegginn. Atvik virðast gerast með svo skjótum hætti, að ekki vinnst ráðrúm til þess að koma í veg fyrir slysið, og aðvörunarköll þeirra Gunnars og Georgs heyrast ekki vegna hávaðans í blásaramótörnum, að þeir telja.

Eins og að framan er rakið, greinir aðilja á um ráðningu og ráðningarkjör stefnanda og sonar hans svo og það, hvort stefnandi eða ráðsmaðurinn á búinu hafi átt frumkvæði að því, að Viðar fór að vinna við heyskapinn. Reisir stefndi, eins og áður segir, sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Viðar hafi ekki verið starfsmaður hans, heldur hafi hann verið á vegum stefnanda sjálfs og algerlega á hans ábyrgð. Framangreind atvik skipta hins vegar ekki máli, eins og hér stendur á. Það er upplýst, að Viðar fór í umrædda vinnu með fullu samþykki ráðsmannsins, og verður að telja, að hann hafi þegar af þeirri ástæðu verið kominn í þjónustu stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í öðru lagi á því, að Viðar hafi farið út fyrir verksvið sitt, og atferli hans inni í hlöðunni hafi ekki verið í eðlilegu sambandi við starf hans.

Það er upplýst, að Viðar átti að vinna við það að koma heyinu heim í hlöðu og að hann vann við fermingu og drátt heyvagnanna þangað. Ekki hefur komið fram, að Viðar hafi í önnur skipti tekið þátt í affermingunni, en tveir fullorðnir menn höfðu verið settir til þess að sjá um hana. Afskipti Viðars af störfunum í hlöðunni umrætt sinn virðast hafa verið þarflaus. Enda

Þótt Viðar ætti ekkert erindi inn í hlöðuna, verður þó naumast talið, að honum hafi verið óheimilt að fara þangað inn, þar sem hann var í vinnu hjá stefnda, og ósannað er, að honum hafi verið bannaður aðgangur að hlöðunni. Menn þeir, sem þar voru fyrir og voru fastir starfsmenn búsins, skiptu sér heldur ekkert af athöfnum Viðars þar, fyrr en þeir sáu hann fara upp á votheysþróna, en þá var það um seinan. Tilgangur Viðars var að losa stífluna úr blásararörinu. Ályktun hans um stífluna var röng, en ekki óeðlileg eða fjarstæðukennd eftir atvikum, enda virðast þeir Gunnar og Georg strax hafa áttað sig á því, hvað var að gerast.

Þótt Viðar hafi samkvæmt framansögðu farið út fyrir verka-hring sinn í strangasta skilningi, þykir eftir atvikum verða að taka tillit til þess sambands, sem var á milli heimflutnings heysins og affermingar heyvagnanna.

Í þriðja lagi færir stefndi þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að votheysþróin og umbúnaður hennar hafi verið forsvaranleg. Lögð hefur verið fram lýsing frá teiknistofu landbúnaðarins á gerð og frágangi steinsteyptra votheysþróa, en þar segir m. a.: „Þrónum er komið fyrir á ýmsum stöðum í hlöðunum eftir staðháttum eða við þann vegg, þar sem jarðvegur úti er hæstur, til að auðvelda uppmokstur heysins. Dýpt þróanna er mjög mismunandi, en teiknistofan mælir ekki með þróum, sem eru grynri en 5.00 m. Er þá efri brún þróarinnar í sömu hæð og útveggir hlöðunnar, en botninn um einum metra neðar en hlöðugólf. Vídd þróar er 3—4 metrar á hvorn veg Votheysþrær í hlöðum eru jafnan hafðar opnar að ofan, enda oftast nær fylltar samhliða hlöðunni.“

Þá segir enn fremur, að votheysgeymslur af þessari gerð séu á mörgum hundruðum sveitabýla.

Vinnustaður sem þessi er ekki háður eftirliti öryggiseftirlits ríkisins, en öryggismálastjóri hefur svarað fyrirspurn lögmanns stefnanda um það, hvaða kröfur öryggiseftirlitið gerði almennt um frágang á líkum gryfjum og hér um ræðir, á eftirfarandi hátt:

„Á vinnustöðum, sem undir öryggiseftirlitið heyra, eru hins vegar gerðar þær kröfur, að þannig sé gengið frá gryfjum og opnum götum á vinnusvæði, að ekki sé hætta á, að menn falli þar í. Lítt ég svo á, að gryfja sú, sem hér um ræðir, sé svo búin, að ekki sé hætta á, að menn féllu í hana frá venjulegri

umferðarleið eða vinnustað, þar eð veggir hennar þar eru 1.5 m háir. Það, sem slysinu veldur, er hins vegar það, að yfir gryfju-una eru lagðar járnplötur, sem ekkert burðarmagn hafa. Er hér um mistök að ræða, sem hinar alvarlegustu afleiðingar hafði, því hinum slasaða var ekki kunnugt um, að það, sem yfir gryfjuopið var lagt, væri svo veikt, að það þyldi ekki þunga hans. Þekjur, slíkar sem hér var um að ræða, hljóta ávallt að vera hættulegar ókunnugum og undir engum kringumstæðum leyfðar af öryggiseftirlitinu á vinnustöðum, sem undir það heyra.“

Þá hefur verið lagt fram vottorð frá Sigurði Loftssyni, bónda á Hrafnhólum í Kjalarneshreppi, en hann var ráðsmaður á Saltvíkurbúinu á árunum 1936—1956, þar segir m. a.:

„Ég setti aldrei neitt yfir gryfjur þessar, nema farg, þegar búið var að fylla þær af heyi, vegna þess að það var ekki venja að gera slíkt. Kom mér aldrei til hugar, að nokkur hætta væri á, að slys gæti orðið vegna þess.“

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að votheyspróin er að allri gerð í samræmi við það, sem tíðkast um sams konar þrær, og ekki nein hætta á því, að menn féllu í hana frá venjulegri umferðarleið eða vinnustað. Leið sú, sem Viðar ætlaði að fara, getur ekki talizt venjuleg umferðarleið í þessu sambandi, en frágangur þróaropsins var hins vegar villandi fyrir ókunnuga, þar sem svo gat virzt sem um sérstakan öryggisútbúnað væri að ræða, er óhætt væri að ganga á. Leiðslan frá blásaranum lá skáhallt yfir þróna, og mátti því við því búast, að farið yrði upp á hana til þess að huga að henni, eins og líka varð raunin á. Má ætla, að slys þetta hefði ekki orðið, ef ekkert hefði verið lagt yfir þróna eða þannig frá gengið, að auðvelt væri að átta sig á því, hvort þeim umbúnaði, sem þar var, væri treystandi eða ekki. Af þessum sökum verður að telja, að óvarlegt hafi verið að bygja þróna með járnplötum á þenna hátt. Eiga því starfsmenn stefnda nokkra sök á slysinu, en á því ber stefndi fébótaábyrgð.

Eins og að framan segir, greip Viðar snögglega og óvænt fram fyrir hendur þeirra, er unnu við heyblásarann, enda þótt hann hefði ekki sjálfur unnið við slíkt tæki eða verið til þess settur. Viðar var á 17. ári, kunnugur störfum í sveit og þrónni, sem hann féll í. Mátti honum því vera ljóst, að ástæða var til að viðhafa fyllstu aðgát og flana ekki að neinu, áður en hann færi upp á þróna. Við lauslega athugun á þekjunni hefði hann átt að sjá, að ekkert var lagt undir hana til styrktar og að umbún-

aður þessi var ekki farg á þrónni, heldur var hér um plöturnar úr hlöðubakinu að ræða, en opið á þakinu blasti við honum.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að meginorsök slyssins hafi verið fljótfærni og stórfellt gáleysi Viðars sjálfs. Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, þykir rétt, að Viðar beri sjálfur tjón sitt að $\frac{3}{4}$ hlutum, en stefndi bæti honum það að $\frac{1}{4}$ hluta.

Stefndi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Örorubætur og bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun	kr. 827.285.66
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
3. Kostnaður vegna sjúkradvalar á Mayo Clinic og St. Mary's Hospital, Minnesota	— 463.936.34
4. Ferðakostnaður vegna sjúkrafarar til Rochester, Minnesota	— 20.453.60
5. Limabúnaður og hjólastóll	— 15.645.77
6. Útreikningur vegna örorkutjóns o. fl.	— 1.350.00
7. Ýmis kostnaður	— 758.20

Samtals kr. 1.579.429.57

Verða nú einstakir liðir stefnukröfunnar teknir til athugunar:

Um 1. lið.

Kröfuliður þessi er tvíþættur, örorkubætur, kr. 741.836.66, og bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun, kr. 85.449.00. Skal nú vikið að hvorum lið fyrir sig:

a) Örorubætur: Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur gert fjóra útreikninga í sambandi við örorkutjón Viðars, dags. 18/3 1960, 12/5 1961, 26/2 1962 og loks 4/10 1962. Er kröfugerð stefnanda byggð á tveimur fyrstu útreikningunum, en síðari útreikningar eru endurskoðanir á þeim fyrri vegna kauplagsbreytinga. Miðað við 100% varanlega örorku samkvæmt örorkumati Bergþórs Smára læknis, dags. 15/3 1960. Skulu nú helztu atriði þessara útreikninga rakin.

Í fyrsta útreikningi tryggingafræðingsins segir, að við áætlun framtíðartekna sé vart hægt að styðjast við vinnutekjur fyrir slysið vegna aldurs Viðars, 16 ára. Hann hafi verið við nám í Flensborgarskóla, en stundað algenga verkamannavinnu á sumrin. Útreikningurinn sé miðaður við vinnutekjur verkamanna og iðnaðarmanna, en einnig komi til greina að gera ráð fyrir lengri skólagöngu og þá sennilega lægri tekjum fyrstu árin eftir slysið,

en hærri tekjum síðar. Miðað við almennan dagvinnutaxta Dagsbrúnar, 48 stunda vinnuviku, 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, nemi árstekjur verkamanns kr. 50.481.00. Vegna skólagöngu og annarra ástæðna gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að á 17. ári nemi tekjur unglingsins 75% af tekjum fullorðinna, en hækki síðan í fullar tekjur á 5 árum.

Þá reiknar hann einnig út örorkutjónið á grundvelli úrtaksrannsóknar Hagstofu Íslands á meðaltekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1951—1958. Þannig reiknað, verða meðaltekjur til jafnaðar 18.96% hærri en fullar dagvinnutekjur samkvæmt framansögðu.

Á sama hátt reiknar tryggingafræðingurinn út örorkutjónið, miðað við sammingsbundið vikukaup sveina í járnsmíði, blikk-smíði og fleiri iðngreinum, 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, og nemur þá árskaupið kr. 59.212.00. Miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna í Reykjavík samkvæmt úrtaksrannsókn hagstofunnar, verða meðaltekjur 9.62% hærri. Reiknað er með stighækkandi kaupum frá 17. ári til 21 árs aldurs. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verður samkvæmt framansögðu:

	Miðað við verka-	Miðað við iðn-
	mannstekjur	aðarmannstekjur
Reiknað með 48 vinnuvikum á ári	kr. 739.904.00	767.899.00
Reiknað með meðaltekjum	— 880.190.00	842.628.00

Í öðrum útreikningi sínum 12/5 1961 lætur sérfræðingurinn þess getið, að af verðmæti verkamannatekna stafi kr. 162.502.00 af vinnutapi innan 21 árs aldurs, miðað við 48 vinnuvikur, en kr. 193.312.00, ef miðað sé við meðaltekjur.

Tyggingafræðingurinn kveður hinar lágu tekjur iðnnema valda því, að verðmæti iðnaðarmannatekna sé lægra en verðmæti verkamannatekna, þegar miðað sé við meðaltal framtalinna vinnutekna. Hins vegar geti yfirvinnutekjur verið mikill hluti tekna iðnnema.

Verðmæti örorkulífeyris á slysdegi, er greiddur hefði verið svo lengi sem ætla mætti, að starfsorka Viðars hefði enzt, reiknað honum kr. 210.810.00, og er þá ekki tekið tillit til dagpeninga, kr. 7.525.00. Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950.

Annar útreikningur tryggingafræðingsins, dags. 12/5 1961, miðar frambúðartekjur við vinnutekjur sjómanns og áætlað kostnað vegna sérstakrar umönnunar, er síðar verður að vikið. Tryggingafræðingurinn getur þess, að á undanförunum árum hafi farið

fram úrtaksrannsókn á vinnutekjum kvæntra sjómanna í Reykjavík (stuðzt við skattframtöl), en mjög miklum erfiðleikum sé bundið að umreikna slíkar meðaltekjur til kauplags, m. a. vegna þess að blandað sé saman farmönnum, bátasjómönnum og togarsjómönnum. Einnig hafi úrtakið verið svo fámennnt, að sveiflur gætu átt rót sína að rekja til þess. Kveðst hann því hafa stuðzt við upplýsingar frá Bæjarútgerð Reykjavíkur um tekjur háseta á togurum hennar 1957—1959. Miðað við 300 daga úthald og tillit til kjarabreytinga reiknast sérfræðingnum til, að árstekjurnar nemi kr. 68.086.00 árið 1959, en kr. 76.188.00 frá 1/2 1960. Reiknað er með lægri tekjum fram til 21 árs aldurs og tekið tillit til lifeyrisréttinda og starfsaldur miðaður við 65 ár. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verður samkvæmt þessu:

Vegna vinnutaps fram til 21 árs aldurs kr. 256.449.00
 Vegna vinnutaps eftir 21 árs aldur — 901.248.00

Samtals kr. 1.157.697.00

Tryggingafræðingurinn getur þess, að meðaltekjur sjómanna í Reykjavík samkvæmt áðurnefndri úrtaksrannsókn hafi verið um 6% hærri að meðaltali en tekjur, reiknaðar með framangreindum hætti. Forsendur útreikningsins eru að öðru leyti þær sömu og fyrsta útreikningsins.

Kröfugerð stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á fyrrgreindum útreikningum. Örorkubætur reiknar hann þannig, að hann tekur meðaltal af meðaltekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna samkvæmt framansögðu (880.190.00 + 842.628.00 + 1.157.697.00 : 3), og kemur þá út talan 960.171.66. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi verðmæti örorkulífeyris, kr. 210.810.00, að viðbættum dagpeningum, kr. 7525.00, og fær þannig út töluna kr. 741.836.66.

Í þriðja útreikningi tryggingafræðingsins 26/2 1962 er reiknað bæði með 6% og 7% ársvöxtum og tekið tillit til kauplagsbreytinga.

Niðurstöður, miðað við 6% ársvexti, eru þessar:

1. Miðað við dagvinnutekjur verkamanna kr. 834.142.00
2. Miðað við meðaltekjur verkamanna — 1.030.082.00
3. Miðað við dagvinnutekjur iðnaðarmanna .. — 891.347.00
4. Miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna — 1.012.392.00
5. Miðað við reiknaðar tekjur sjómanna — 1.174.515.00

Verðmæti örorkulífeyris almannatrygginga reiknast hinum sérfróða manni kr. 243.256.00. Ekki er tekið tillit til dagpeninga fremur en áður.

Reiknað með 7% ársvöxtum eru niðurstöðurnar þessar í sömu röð og áður: 1) kr. 733.967.00, 2) kr. 906.376.00, 3) 773.283.00, 4) kr. 878.295.00, 5) kr. 1.040.304.00.

Verðmæti örorkulífeyris er kr. 214.515.00.

Fjórði útreikningur tryggingafræðingsins, dags. 4. október 1962, er gerður með tilliti til kauplagsbreytinga, sem þá höfðu átt sér stað. Reiknað er með 7% töflum. Niðurstöður hans eru þessar: 1) kr. 764.186.00, 2) kr. 943.693.00), 3) kr. 853.407.00, 4) kr. 969.300.00, 5) kr. 1.221.839.00.

Verðmæti örorkulífeyris kr. 226.842.00.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeirri reikningsaðferð stefnanda að miða örorkutjónið við meðaltal af meðaltekjum framangreindra stétta, enda komi það fram hjá tryggingafræðingnum, að erfitt sé að meta, við hvers konar meðaltal skuli miða. Telur stefndi, að miða beri þenna kröfulið við dagvinnutekjur verkamanns samkvæmt fyrsta útreikningi sérfræðingsins.

Eigi verður fallið á þá reikningsaðferð stefnanda að miða örorkutjónið við meðaltal af meðaltekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Eftir atvikum verður að telja eðlilegast að hafa hliðsjón af dagvinnutekjum verkamanns við ákvörðun örorkubótanna og þeim breytingum, sem orðið hafa á kauplagi. Þegar virt eru þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun örorkubóta, þykja þær með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar kr. 500.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til verðmætis örorkulífeyris almannatrygginga og dagpeninga.

b) Annar þáttur þessa kröfuliðs eru bætur vegna kostnaðar við sérstaka umönnun, kr. 85.449.00, sem tryggingafræðingurinn hefur áætlað í útreikningi sínum 12/5 1961. Þar segir m. a., að heimilislæknir Viðars hafi staðfest, að gera verði ráð fyrir því, að Viðar muni til frambúðar þurfa sérstakrar umönnunar við vegna lömunar á báðum fótum upp að mitti. Hann geti ekki stjórnað þvaglátum og hægðum hjálparlaust og þurfi hjálp við það að fara úr og í hjólastól sinn. Móðir Viðars hafi samkvæmt upplýsingum stefnanda ekki að neinu ráði stundað vinnu utan heimilis hin síðari ár. Um beint tap annarra tekna vegna hinnar sérstöku umönnunar virðist ekki vera að ræða, en hins vegar hafi bætzt við störf á móður Viðars. Telur sérfræðingurinn eðlilegast að áætla móður Viðars ráðskonukaup fyrir heimilis-

störfin, ef reikna eigi henni sérstaka greiðslu fyrir þau, en gera ráð fyrir nokkurri hækkun vegna hinnar sérstöku umönnunar. Tryggingafræðingurinn byggir á því, að ráðskonukaup nemi 1500—2000 krónum á mánuði auk fæðis og húsnæðis, er nemi samkvæmt skattmati kr. 9.165.00. Hækkun mánaðarkaups úr kr. 1.500.00 í kr. 2.000.00 svari til 22% hækkunar heildartekna. Sé miðað við þá greiðslu fyrir umönnun, kr. 6.000.00 á ári, reiknast hinum sérfróða manni verðmætið frá slysdegi kr. 85.449.00. Sá tími, er Viðar dvaldist í Bandaríkjunum (frá vori 1960 til vors 1961), er dreginn frá, en ekki sá tími, er hann dvaldist á sjúkrahúsum hérlendis. Við endurskoðun 26/2 1962 hefur tryggingafræðingurinn reiknað með 7% ársvöxtum, og verður þá niðurstaðan 75.046.00.

Stefndi hefur einnig mótmælt þessum þætti kröfunnar, þar sem ekki sé um beint tap annarra tekna að ræða.

Ljóst er af eðli hinna alvarlegu meiðsla Viðars, að hann þarf sérstakrar umönnunar við í framtíðinni, og að slysið hefur valdið mikilli röskun og óþægindum á heimili stefnanda.

Þykja bætur af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um 2.

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á læknisvottorðum og sjúkrasögu Viðars, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Ljóst sé, að Viðar hafi orðið að þola miklar þjáningar, andlegar og líkamlegar, hlotið varanleg lýti og andlegt áfall við slysið. Hann hafi verið efnilegur piltur og haft tvímælalausa hæfileika til frekara náms samkvæmt vottorði skólustjóra Flensborgarskólans. Sé auðsætt, að Viðar hafi orðið fyrir alvarlegri röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Þegar litið er til hinna miklu meiðsla Viðars og afleiðinga þeirra, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Um 3.

Viðar var til lækninga á Mayo Clinic og St. Mary's Hospital í Rochester, Minnesota, frá 22. apríl 1960 til 20. marz 1962.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er byggð á framlögðum reikningum og hefur ekki sætt andmælum tölulega. Lækniskostnaður á Mayo Clinic var 6.706 \$, en á St. Marys Hospital 7.925.40 \$, samtals 14.631.40 \$ eða sem samsvaraði 557.456.34 íslenskum krónum. Af þessari fjárhæð hefur Tryggingastofnun ríkisins

greitt 93.520.00 kr., er stefnandi dregur frá, og er mismunurinn, 463.936.34 kr., krafan samkvæmt þessum lið.

Stefnandi heldur því fram, að för þessi hafi verið farin að ráði lækna. Hún hafi verið óhjákvæmileg bæði til þess að lækna legusár Viðars, sem ekki hafi tekizt á sjúkrahúsum hérlendis, og lífi hans verið hættu búin, svo og til þess að kanna það til fulls, hvort möguleikar væru á bata að öðru leyti. Fyrrgreindar stofnanir njóti viðurkenningar víða um heim og þar hafi Viðar verið undir hendi færustu lækna. Ráðstöfun þessi hafi því bæði verið eðlileg og sjálfsögð og árangur dvalarinnar vestra mikill. Legusárin hafi læknazt og andleg heilsa tekið framförum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið. Telur hann, að kostnaður þessi hafi verið alveg óþarfur. Læknar hafi ekki talið neina von til þess, að Viðar fengi mátt í fótlimi, þar eð um fullkomna þverlaesion á mænu hafi verið að ræða.

Við munnlegan málflutning 26. f. m. var því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að fyrrgreindar stofnanir séu einhverjar þær dýrustu, sem völ sé á af sambærilegum stofnunum erlendis. Stefndi hefur hins vegar ekki rennt neinum stoðum undir þessa staðhæfingu.

Dómurinn hefur leitað álits Læknaráðs um hina læknisfræðilegu hlið málsins og lagt fyrir það eftirfarandi spurningar:

1. Var fyrirfram vitað, að Viðar Guðnason gæti ekki fengið mátt í fótlimi?

2. Voru skilyrði til þess hér á landi að gera þær aðgerðir á Viðari Guðnasyni, sem gerðar voru í Bandaríkjunum, og veita honum að öðru leyti sömu eða svipaða lækningameðferð og hann fékk erlendis?

3. Var för Viðars Guðnasonar til Bandaríkjanna, sem um getur í málinu, þörf, eins og á stóð?

Svör Læknaráðs: Ad. 1 Já. Ad. 2 Nei. Ad. 3 Já.

Með hliðsjón af áliti Læknaráðs, varðandi framangreind atriði, og þar sem stefnandi hefur gert nægilega grein fyrir kröfulið þessum, verður hann tekinn til greina, eins og hann liggur fyrir.

Um 4.

Kröfuliður þessi var upphaflega kr. 44.177.30, en var lækkaður um kr. 23.723.70 við þingfestingu málsins. Stefnandi gerir þá grein fyrir þessum lið, að kr. 11.302.00 sé ferðakostnaður Ólafar Guðnadóttur, systur Viðars, til New York og heim aftur, en ekki hafi verið komizt hjá því að láta fylgja Viðari vestur

um haf. Ferðina til New York og til baka hafi Viðar hins vegar fengið ókeypis. Ferðakostnaður systkinanna frá New York til Rochester og til baka hafi numið \$ 215.20 eða 8.199.10 krónum. Auk þess hafi orðið að greiða fyrir sjúkrafreið í New York \$ 25 eða 952.50 krónur. Samtals nemur þessi kostnaður 20.453.60 krónum, og hefur stefnandi lagt fram reikninga fyrir honum.

Stefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið á sömu forsendum og 3. lið hér að framan, en mótmælir honum ekki tölulega.

Eftir atvikum og með vísan til þess, sem segir um lið 3 hér að framan, ber að taka þenna kröfulið til greina óbreyttan.

Um 5—7.

Kröfuliðum þessum er ekki mótmælt, og verða þeir teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón Viðars Guðnasonar kr. 1.252.143.91 (550.000.00 + 200.000.00 + 463.936.34 + 20.453.60 + 15.645.77 + 1350.00 + 758.20). Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda $\frac{1}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 313.035.98.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 6% ársvexti af kr. 175.000.00 (500.000.00 + 200.000.00 : 4) frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1961 og sömu ársvexti af kr. 313.035.98 frá þeim degi til greiðsludags. Loks ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað, og er þá jafnframt tekið tillit til útlagðs kostnaðar, kr. 4.639.40, að rétttri tiltölu.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stefán Thorarensen, greiði stefnanda, Guðna Þórarinssyni f. h. Viðars Guðnasonar, kr. 313.035.98 með 6% ársvöxtum af kr. 175.000.00 frá 14. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1961 og sömu ársvöxtum af kr. 313.035.98 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.